

**Ed. 1. Frumvarp til stjórnarskipunarlaganna [1. mál]**

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

(Lagt fyrir Alþingi á 79. löggjafarþingi, 1959)

**1. gr.**

31. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af:

- a. 25 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í 5 fimm manna kjördæmum:
    - Vesturlandskjördæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
    - Vestfjarðakjördæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla.
    - Norðurlandskjördæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
    - Austurlandskjördæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
    - Reykjaneskjördæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður og Kópavogskaupstaður.
  - b. 12 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í 2 sex manna kjördæmum:
    - Norðurlandskjördæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
    - Suðurlandskjördæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
  - c. 12 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í Reykjavík.
  - d. 11 landskjörnir þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar.
- Þingmenn skulu kosnir til 4 ára. Á hverjum framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri menn en kjósa á í því kjördæmi, og skulu varamenn, bæði fyrir kjördæmakosna þingmenn og landskjörna, vera svo margir sem til endist á listanum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**3. gr.**

**Ákvæði um stundarsakir.**

Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og falla umboð þingmanna niður á kjördegi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem er samhljóða frumvarpi, sem samþykkt var á síðasta þingi, er lagt fyrir Alþingi samkvæmt ákvæðum 79. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.